

**Íþróttabandalag Hafnarfjarðar**  
Stofnað 28. apríl 1945



*Pinggerð*  
*52. þings ÍBH*

**Haldið fimmtudaginn 11. nóvember 2021**  
**í Hásölum**

Dagskrá þingsins var samkvæmt 11. grein laga ÍBH.

**1. Þingsetning Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH.**

Hrafnkell ávarpaði þingið á Teams. Hann fór yfir að íþróttahreyfingin byrjaði árið 2020 af krafti, en í lok febrúar varð ljóst að við eins og aðrar þjóðir vorum komin inn í miðjan heimsfaraldur, kórónuveirufaraldurinn og við tóku samkomutakmarkanir og lokanir. Hann fór yfir íbúafjöldatölur í Hafnarfirði 2019 og fjölda félagsmanna í aðildarfélögum ÍBH 2019. Hann fór einnig yfir fjölda iðkana félaganna 2019. Á landsvísu er ÍBH þriðja stærsta íþróttahéraðið ef litið er á fjölda iðkana innan félaganna. Tvö ný íþróttafélög voru stofnuð á tímabilinu, Blakfélag Hafnarfjarðar sem var áður blakdeild Hauka og Tennisfélag Hafnarfjarðar.

Hann fór einnig yfir framkvæmdir í uppbyggingu íþróttamannvirkja. Einnig kom hann inn á nýja þjónustu- og rekstrarsamninga félaganna við Hafnarfjarðarbæ. Hrafnkell talaði m.a. um hækkandi framlög ríkisins til íþróttamála og góðar niðurstöður fyrir Hafnarfjörð úr rannsókninni Ungt fólk fyrir 5. – 7. bekk árið 2019 og 8. – 10. bekk árið 2020. Að lokum hvatti hann alla til að sýna fagmennsku og samvinnu svo niðurstaða mála yrði viðunandi fyrir sem flesta.

**2. Kosning fyrsta og annars þingforseta og fyrsta og annars þingritara.**

Stungið upp á Steini Jóhannssyni (FH) sem þingforseta og Valdimar Svavarssyni (FH) til vara. Samþykkt með lófaklappi. Steinn tók við. Stungið upp á Aðalsteini Valdimarssyni (BFH) sem þingritara og Björgvini Valdimarssyni (BFH) til vara. Samþykkt með lófaklappi.

**3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.**

Karl Georg Klein (SH) formaður, Sigurjón Andersen (KK) og Þröstur Erlingsson (Fjörður). Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

**4. Kosningar í stjórn ÍBH tímabilið 2021 – 2023.**

Þingforseti bar upp við þingið hvort fundarmenn væru sammála rafrænni kosningu sem fór fram fyrir þingið, þingfulltrúum sem ekki skiluðu kjörseðlum rafrænt fyrir þingið boðið að skila útfylltum kjörseðlum á staðnum og sagði hann kosninguna vera gilda með samþykki þingsins. Hörður Þorsteinsson (BH) bað um orðið og taldi rafræna kosningu ólöglega. Tvær tillögur settar fram, annars vegar þeir sem voru með rafrænni kosningu og þeir sem kusu ekki rafrænt geta kosið á staðnum og hins vegar kosið að nýju á staðnum. Niðurstaða 29 með rafræni kosningu og þeir sem kusu ekki í henni geta kosið á staðnum og 26 með að kosið sé að nýju á staðnum. Rafræn kosning og þeir sem kusu ekki í henni kjósa á staðnum var staðfest. Eftir umræður ákváðu þinghaldarar að fara hefðbundna leið og að kosið yrði að nýju á staðnum eins og áður hefur verið gert og að frambjóðendur fái að kynna sitt framboð seinna á þinginu með samþykki þingsins.

**5. Skýrsla stjórnar Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.**

Elísabet sýndi powerpoint sýningu með því helsta úr skýrslu stjórnar árin 2019 og 2020 og minnti á að skýrslan er í heild sinni inn á heimsíðu ÍBH, [www.ibh.is](http://www.ibh.is), undir flípanum 52. þing ÍBH 2021.

**6. Reikningar ÍBH Ragnar Hilmarsson gjaldkeri ÍBH.**

Ragnar fór yfir fjóra ársreikninga, 2019 ÍBH, 2020 ÍBH, 2019 og 2020

Afrekssjóður ÍBH. Ársreikningana er hægt að sjá á heimasíðu ÍBH, [www.ibh.is](http://www.ibh.is), undir flípanum 52. þing ÍBH 2021.

#### 7. Nefndir stjórnar gefa skýrslu.

Nefnd um íþróttakynningar – skýrslu flutti – Hrafnkell Marinósson.

Nefnd um hreyfipjálfun aldraðra – skýrslu flutti – Viðar Halldórsson.

Nefnd um fjármögnun íþróttafélaga – skýrslu flutti – Ragnar Hilmarsson.

Nefnd um viðbragðsteymi íþróttafélaga í Hafnarfirði – skýrslu flutti – Magnús Gunnarsson.

Nefnd um sögu ÍBH – skýrslu flutti – Hrafnkell Marinósson.

Nefnd um þjálfaramenntun – Kristinn Arason átti að flytja skýrslu en var forfallaður.

Nefnd til að endurskoða siðareglur ÍBH – skýrslu flutti – Aðalsteinn Valdimarsson.

#### 8. Ávörp gesta.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjórinn í Hafnarfirði.

Björn Sigurðsson formaður Sundsambands Íslands.

Andri Stefánsson starfandi framkvæmdastjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

#### 9. Formaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir fulltrúafjölda:

Fimleikafélag Hafnarfjarðar 7 fulltrúar.

Knattspyrnufélagið Haukar 5 fulltrúar átti rétt á 7 fulltrúum.

Íþróttafélag Hafnarfjarðar átti rétt á 2 fulltrúum en skiluðu ekki kjörbréfi.

Sundfélag Hafnarfjarðar 7 fulltrúar.

Golfklúbburinn Keilir 6 fulltrúar átti rétt á 7 fulltrúum.

Fimleikafélagið Björk 6 fulltrúar átti rétt á 7 fulltrúum.

Hestamannafélagið Sörli 4 fulltrúar átti rétt á 5 fulltrúum.

Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar átti rétt á 2 fulltrúum, skiluðu kjörbréfi með 1 fulltrúa, enginn mættur.

Siglingaklúbburinn Þytur 6 fulltrúar.

Íþróttafélagið Fjörður 1 fulltrúi átti rétt á 2 fulltrúum.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar 5 fulltrúar.

Golfklúbburinn Setberg 3 fulltrúar.

Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar 1 fulltrúi átti rétt á 2 fulltrúum.

Kvartmíluklúbburinn 5 fulltrúar átti rétt á 7 fulltrúum.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar átti rétt á 3 fulltrúum skiluðu ekki inn kjörbréfi.

Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar 4 fulltrúar.

Hjólreiðafélagið Bjartur 2 fulltrúar.

Knattspyrnufélagið Ásvellir áttu rétt á 2 fulltrúum skiluðu ekki inn kjörbréfi.

Brettafélag Hafnarfjarðar 5 fulltrúar.

Samtals 67 fulltrúar.

#### 10. Umræða og afgreiðsla um ársskýrslu og ársreikninga.

Engin umræða var um ársskýrslu og ársreikninga.

Skýrsla stjórnar borin upp til samþykktar.

*Samþykkt – þingskjal 1*

Ársreikningar bornir upp til samþykktar.  
 Ársreikningur ÍBH 2019  
 Ársreikningur ÍBH 2020  
 Ársreikningur Afrekssjóðs ÍBH 2019  
 Ársreikningur Afrekssjóðs ÍBH 2020  
 Samþykkt – þingskjal 2

#### 11. Kosnar fjórar fastanefndir: Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd, íþróttanefnd og laganefnd.

Tillögur um nefndarmenn lesnar upp, engar athugasemdir, samþykkt.

**Fjárhagsnefnd:** Ragnar Hilmarsson (formaður) (Þytur), Karl Guðmundsson (Haukar), Gunnlaugur Sveinsson (FH), Ingimundur Helgason (KK) og Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir (Keilir).

**Allsherjarnefnd:** Ólafur Þór Ágústsson (formaður) (Keilir), Kristinn Arason (Björk), Magnús Gunnarsson (Haukar), Viðar Halldórsson (FH), Atli Már Ingólfsson (Sörli), Jóhann Óskar Borgþórsson (BFH), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Hörður Þorsteinsson (BH / GSE) og Markús Elvar Pétursson (Þytur).

**Íþróttanefnd:** Aðalbjörg Óladóttir (formaður) (SH), Úlfar Linnét (FH), Helga Helgadóttir (Haukar), Karl Ómar Karlsson (Keilir), Sigríður Hafþórsdóttir (Sörli) og Anna Lilja Sigurðardóttir (BH).

**Laganefnd:** Guðrún Bergsteinsdóttir (formaður) (Haukar), Þorgeir Arnar Jónsson (FH) og Hafsteinn Þórðarson (Björk).

#### 12. Kynning á tillögum og málum sem liggja fyrir þinginu og þeim vísað til nefnda.

Fyrir þinginu liggja 6 tillögur, þingforseti las upp tillögur og vísaði til nefnda.

**Stjórn ÍBH-** tillaga um siðareglur og hegðunarviðmið ÍBH – Vísað til íþróttanefndar, þingskjal 4.

**Stjórn ÍBH-** tillaga um fjárhagsáætlun ÍBH 2021 - 2023 – Vísað til fjárhagsnefndar, þingskjal 5.

**Stjórn ÍBH-** tillaga um breytingar á lögum ÍBH – Vísað til laganefndar, þingskjal 6.

**Stjórn ÍBH-** tillaga um að ÍBH sækir um aðild að UMFÍ – Vísað til allsherjarnefndar, þingskjal 7.

**Siglingafélagið Hafliði-** tillaga um uppbyggingu á aðstöðu – Vísað til allsherjarnefndar, þingskjal 8.

**Stjórn ÍBH / allsherjarnefnd ÍBH -** tillaga um framkvæmdaröð nýrra verkefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja 2021 – 2030 lögð fram á 52. þingi ÍBH – Vísað til allsherjarnefndar, þingskjal 9.

Þingskjal nr.	Tillaga	Flutningsaðili	Vísað til (nafn nefndar)
1.	Skýrsla stjórnar ÍBH 2019 - 2020	Stjórn ÍBH	
2.	Reikningar ÍBH og Afrekssjóðs ÍBH 2019 - 2020	Stjórn ÍBH	
3.	Ályktun um þakkir til Hafnarfjarðarbæjar	Stjórn ÍBH	
4.	Tillaga um siðareglur og hegðunarviðmið ÍBH	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar

5.	Tillaga um fjárhagsáætlun ÍBH 2021 - 2023	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
6.	Tillaga um breytingar á lögum ÍBH	Stjórn ÍBH	Laganefndar
7.	Tillaga um að ÍBH sækji um aðild að UMFÍ	Stjórn ÍBH	Allsherjarnefndar
8.	Tillaga um uppbyggingu á aðstöðu	Siglingafélagið Haflíði	Allsherjarnefndar
9.	Tillaga um framkvæmdaröð nýrra verkefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja 2021 – 2030 lögð fram á 52. þingi ÍBH	Stjórn ÍBH / allsherjarnefnd ÍBH	Allsherjarnefndar

Samþykkt var að tillögurnar færu til umfjöllunar í nefndir í samræmi við upptalningu og tillögu þingforseta.

### 13. Nefndarstörf / matarhlé.

Myndefni sýnt úr íþróttalífínu í Hafnarfirði 2019 og 2020 og boðið upp á veitingar.

### 14. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðslur, tillögur samþykktar eins og þær koma fram hér á eftir.

#### Samþykktar tillögur á 52. þingi ÍBH

##### **Laganefnd:**

Guðrún Bergsteinsdóttir gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Þingskjal 6 breytt í nýtt skjal, þingskjal 10.

*Þingskjal 10.*

*Breytingar á 11. gr.*

11. gr.

##### **Dagskrá þings ÍBH skal vera þessi:**

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta og fyrsta og annars þingritara.
3. Kosning þriggja manna kjörbrefanefndar.
4. Lagt fram og rætt: Skýrsla stjórnar og ársreikningar og atkvæði greidd um þá.
5. Kosnar þrjár fimm manna fastar þingnefndir: Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd og íþróttanefnd. Einnig skal kjósa fimm manna laganefnd ef lagabreytingar liggja fyrir þinginu.
6. Lagt fram og rætt: Skýrslur sérráða.
7. Kynning tillagna og mála sem liggja fyrir þinginu og þeim vísað til nefnda.
8. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðslur.
9. Kjör formanns ÍBH.
10. Kosning í stjórn samkvæmt 15. gr.
11. a. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara fyrir ÍBH og þau sérráð sem ekki hafa sérstaka skoðunarmenn.

- b. Kosið í fastar nefndir, eftir því sem ákveðið verður.
12. Lýst tilnefningu aðildarfélaga á fulltrúum til íþróttabings og kosnir viðbótarfulltrúar samkvæmt 12. gr. laga ÍSÍ.
  13. Ýmis mál.
  14. Þingslit.

Þing skal standa einn dag. Þingið skal móta stefnu ÍBH, a.m.k. til næstu tveggja ára með því að ákveða þá málaflokka, sem leggja ber áherslu á í starfi bandalagsins. Öllum stærri málum, sem þingið fær til meðferðar skal vísa til nefnda, og taka þær til starfa strax eftir 7. lið. ~~Allar kosningar skulu vera bundnar og skriflegar.~~ **Kosningar mega fara fram með handauppréttingum, nema þess sé krafist að kosningar séu leynilegar. Kosningarnar skulu þá fara fram með skriflegum hætti. Stjórn skal þó ávallt heimilt að láta kosningar fara fram með rafrænum hætti.**

Í sambandi við þingið má flytja erindi og hafa íþróttasýningar, eftir því sem tími er til.

### Breytingar á 15. gr.

15. gr.

~~Hvert félag, sem öðlast hefur full réttindi í bandalaginu hefur heimild til að tilnefna einn frambjóðanda í stjórn ÍBH. Kjósa skal átta stjórnarmenn til tveggja ára og tvo varamenn til tveggja ára. Starfstími stjórnar ÍBH er milli þinga.~~

**Hvert félag, sem öðlast hefur full réttindi í bandalaginu hefur heimild til að tilnefna tvo frambjóðendur einn af hvoru kyni í stjórn ÍBH. Hvert aðildarfélag má eingöngu hafa einn stjórnarmann í stjórn. Kjósa skal átta stjórnarmenn og þar af skulu vera að minnsta kosti þrír af hvoru kyni.**

### Breytingar á 16. gr.

16. gr.

Stjórn ÍBH skal sjá um allar framkvæmdir bandalagsins og vinna að málum þess sem felast meðal annars í eftirfarandi:

- a. Vinna að sameiginlegum fjármálum, koma styrkbeiðnum á framfæri, varðveita og skipta á milli aðildarfélaga því fé sem til þeirra hefur verið veitt sameiginlega.
- b. Að hafa forystu aðildarfélaga í sameiginlegum félagsmálum og vera fulltrúi aðildarfélaga á sameiginlegum vettvangi utan lögsögu ÍBH.
- c. Að annast samskipti um íþróttamál við bæjaryfirvöld, þ.m.t. varðandi fjárframlög til rekstrar, styrkveitingar til einstakra verkefna, uppbyggingu íþróttamannvirkja o.s.frv.
- d. Að stuðla að uppbyggingu og endurbótum á sameiginlegum íþróttamannvirkjum, og sjá um rekstur og viðhald þeirra, ef ekki er öðruvísi kveðið á um þau.
- e. Að annast skipulagningu og úthlutunir á tímum í íþróttamannvirkjum til aðildarfélaga.
- f. Að annast íþróttaleg sérmál og hagsmuni sérgreinar, ef með þarf, ef sérráð fyrir viðkomandi íþróttagrein er ekki starfandi samkvæmt 8. kafla laga ÍSÍ.
- g. Að gangast fyrir stofnun sérráða ef aðildarfélög óska þess.
- h. Að vera æðsti aðili varðandi skipulagningu héraðsmóta og hafa úrskurðarvald um hlutgengi þátttakenda í mótum á vegum ÍBH.
- i. Að vera umsagnaraðili varðandi íþróttamál, íþróttamannvirki o.s.frv.
- j. Að staðfesta lög aðildarfélaga og fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaganna fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra, lögum ÍBH, lögum ÍSÍ og íþróttalögum. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn ÍBH, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
- k. Að annast skýrslugerðir um íþróttamál innan Hafnarfjarðar, og kalla eftir ársskýrslum og endurskoðuðum reikningum aðildarfélaga.
- l. Að fjalla um íþróttir eftir því sem stjórn bandalagsins telur þörf á.

Stjórninni er heimilt að skipa nefndir innan eða utan sinna vébanda, til að sjá um málefni bandalagsins.

**Stjórnin skal leitast við að nefndir innan þeirra vébanda séu af báðum kynjum.** Formaður skal kalla saman stjórnarfund a.m.k. einu sinni í mánuði. Að öðru leyti setur stjórnin sér sjálf starfsreglur. Stjórnarfundir eru lögmatir, ef meirihluti stjórnarinnar mætir og fundur hefur verið boðaður samkvæmt starfsreglum. Atkvæði formanns ræður úrslitum, ef atkvæði falla jöfn.

## Breytingar á 22. gr.

22. gr.

Lög þessi voru samþykkt 27. apríl 2013 með breytingum sem samþykktar voru á þingi ÍBH 20. maí 2017 og 11. nóvember 2021 og öðlast þegar gildi.

**Fjárhagsnefnd:**

Ragnar Hilmarsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Nefndin lagði til að þingskjal nr. 5, fjárhagsáætlun ÍBH 2021 – 2023 yrði samþykkt óbreytt og var það samþykkt.

*Þingskjal 5***Tillaga um fjárhagsáætlun ÍBH 2021 - 2023**

**52. þing ÍBH haldið 11. nóvember 2021 í Hásölum**, samþykkir fjárhagsáætlun ÍBH 2021 – 2023.

**Fjárhagsáætlun ÍBH 2021 - 2023****Tekjur**

	2021	2022	2023	Samtals
1. Húsaleiga	379.263.510 kr	390.641.415 kr	402.360.658 kr	<b>1.172.265.583 kr</b>
2. Lottó	34.662.013 kr	36.048.494 kr	37.490.434 kr	<b>108.200.941 kr</b>
3. Styrkur til íþróttastarfs 18 ára og yngri				
3.1 Hafnarfjarðarbær	10.000.000 kr			<b>10.000.000 kr</b>
3.2 Rio Tinto	10.000.000 kr			<b>10.000.000 kr</b>
4. Aðrar tekjur				
4.1 Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	5.100.000 kr	5.200.000 kr	5.300.000 kr	<b>15.600.000 kr</b>
4.2 Þjónustusamningur HF	11.776.000 kr	12.364.800 kr	12.983.040 kr	<b>37.123.840 kr</b>
4.3 Íslenskar getraunir	1.600.000 kr	1.700.000 kr	1.800.000 kr	<b>5.100.000 kr</b>
4.4 Ýmsir styrkir vegna sérverkefna	200.000 kr	200.000 kr	200.000 kr	<b>600.000 kr</b>
4.5 Útseldir tímar	2.670.564 kr	2.723.975 kr	2.778.455 kr	<b>8.172.994 kr</b>
4.6 Verkefnatekjur	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	<b>2.250.000 kr</b>
4.7 Vaxtatekjur	400.000 kr	400.000 kr	400.000 kr	<b>1.200.000 kr</b>
<b>Tekjur samtals</b>	<b>456.422.087 kr</b>	<b>450.028.684 kr</b>	<b>464.062.586 kr</b>	<b>1.370.513.358 kr</b>

**Fjárhagsáætlun ÍBH 2021 - 2023****Gjöld**

	2021	2022	2023	Samtals
1. Húsaleiga	379.263.510 kr	390.641.415 kr	402.360.658 kr	<b>1.172.265.583 kr</b>
2. Lottó	31.195.812 kr	32.443.644 kr	33.741.390 kr	<b>97.380.846 kr</b>
3. Styrkur til íþróttastarfs 18 ára og yngri				
3.1 Hafnarfjarðarbær	10.000.000 kr			<b>10.000.000 kr</b>
3.2 Rio Tinto	10.000.000 kr			<b>10.000.000 kr</b>
4. Önnur gjöld				

4.1 Afrekssjóður ÍBH	1.700.000 kr	2.000.000 kr	2.000.000 kr	5.700.000 kr
4.2 Afmælisgjafir	850.000 kr	400.000 kr	225.000 kr	1.475.000 kr
4.3 Skrifstofukostnaður	905.082 kr	923.183 kr	950.879 kr	2.779.144 kr
4.4 Laun, launatengd gjöld og akstur	15.671.982 kr	16.124.141 kr	16.589.866 kr	48.385.989 kr
4.5 Skrifstofuáhöld	55.858 kr	58.093 kr	60.416 kr	174.368 kr
4.6 Fundir og ráðstefnur	549.655 kr	571.641 kr	594.506 kr	1.715.802 kr
4.7 Þing ÍBH	450.000 kr	0 kr	550.000 kr	1.000.000 kr
4.8 Aðk. Akstur, sími o.fl. aðkeypt vinna	2.229.089 kr	2.273.670 kr	2.319.144 kr	6.821.903 kr
4.9 Endurskoðun bókhalds	787.106 kr	810.720 kr	835.041 kr	2.432.867 kr
4.10 Sérverkefni	600.000 kr	620.000 kr	630.000 kr	1.850.000 kr
4.11 Ófyrirséð	280.000 kr	300.000 kr	320.000 kr	900.000 kr
<b>Gjöld samtals</b>	<b>454.538.094 kr</b>	<b>447.166.508 kr</b>	<b>461.176.901 kr</b>	<b>1.362.881.502 kr</b>

7.631.856 kr

### Allsherjarnefnd:

Ólafur Þór Ágústsson gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Nefndin fékk þingskjöl nr. 7, nr. 8 og nr. 9 til umfjöllunar.

Nefndin leggur til að þingskjal nr. 7 verði samþykkt óbreytt og var það samþykkt.

### Þingskjal nr. 7

#### Tillaga um að ÍBH sækji um aðild að UMFÍ

**Þing Íþróttabandalags Hafnarfjarðar haldið í nóvember 2021**, samþykkir að sækja um inngöngu í UMFÍ.

### Greinargerð:

Mikil umræða hefur verið á liðnum árum um misskiptingu opinbers fjármagns til íþróttahreyfingarinnar og ráðstöfun hagnaðar af Íslenskri Getspá og er sú misskipting að mestu leyti rakin til mismunandi aðildar að heildarsamtökum sem hafa með íþróttir að gera, þ.e. Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands. Á síðasta þingi UMFÍ, haldið í október 2021 var samþykkt tillaga um að stjórn UMFÍ hafi heimild til að samþykkja þau íþróttabandalög sem sambandsaðila sem ekki eru aðilar að samtökunum í dag og var lögð áhersla á mikilvægt væri að fá fram sjónarmið allra íþróttahéraða í ljósi þeirra breytingar sem þarf að vinna að varðandi íþróttastefnuna og íþróttahéraða. Jafnframt sé það mikilvægt að öll íþróttahéruð (íþróttabandalög) séu við borðið þegar fjallað er um skiptingu fjármuna frá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum. Samkvæmt 6.gr. laga nr. 64/1998 í íþróttalögum annast ÍSÍ og UMFÍ skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum. Þá er meðal markmiða í íþróttastefnu að íþróttahéruð verði endurskipulögð og hlutverk þeirra skilgreind að nýju. Einungis fjögur íþróttahéruð (íþróttabandalög) af 25 eiga ekki aðild að UMFÍ og er mikilvægt að sjónarmið Íþróttabandalags Hafnarfjarðar heyrast á þessum vettvangi sem öðrum sem hafa með málefni íþróttahreyfingarinnar að ræða.



Allsherjarnefndin lagði til að þingskjal nr. 8 yrði dregið til baka og fært inn í þingskjal nr. 9 og sett neðst í skjalið undir annað og var það samþykkt.

Allsherjarnefndin lagði þingskjal nr. 9 fram með eftirfarandi breytingum, númer voru tekin af verkefnum sem núþegar voru hafin og punktar settir í staðinn. Breyting varð á texta í lið nr. 3 og önnur íþróttafélög í Hafnarfirði var bætt við. Þingskjali nr. 8 bætt við neðst í skjalið undir annað og varð: *Skóða þarf möguleika á aðstöðu í Hafnarfirði fyrir nýtt aðildarfélag að ÍBH Siglingafélagið Hafliða*. Þingið samþykkti þingskjal nr. 9 með áður nefndum breytingum.

*Þingskjal nr. 9*

### **Tillaga um framkvæmdaröð nýrra verkefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja 2021 – 2030 lögð fram á 52. þingi ÍBH.**

Lagt er til að verkefni sem nú þegar eru hafin og hefur verið samið um við Hafnarfjarðarbæ verði **lokið í samræmi við áætlun** þ.e.

- 2019-2022 bygging nýrrar reiðhalla með félagsaðstöðu og annarri tilheyrandi aðstöðu hjá Hestamannafélaginu Sörla að Sörlastöðum.
- 2019-2024 bygging knattþúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum ásamt búningsaðstöðu og frágangi á bílastæðum.

### **Lagt er til að gengið verði til samninga um ný verkefni:**

1. Strax verði farið í vinnu við að leita að hentugu húsnæði fyrir DÍH bæði til kaups eða leigu. Þarfagreining liggur fyrir.
2. 2022-2024 bygging á nýrri æfingaraðstöðu fyrir Brettafélag Hafnarfjarðar. Gert er ráð fyrir að hönnun og annar undirbúningur verði unninn á árinu 2022.
3. 2022-2027 lagður nýr 27 holu golfvöllur fyrir Golfklúbbinn Setberg í samstarfi við Golfklúbbinn Keili og önnur íþróttafélög í Hafnarfirði. Áfram verði unnið að hönnun og öðrum nauðsynlegum undirbúning.
4. 2022-2027 bygging á nýju íþróttahúsi fyrir fimleikafélagið Björk. Gert er ráð fyrir að hönnun og annar undirbúningur fari fram á árinu 2022.
5. 2023-2024 breytingar og viðbygging við golfskála Golfklúbbsins Keilis.
6. 2024-2028 ný akstursbraut og tilheyrandi mannvirki fyrir Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar.
7. 2024 malbikun á pittsvæði og uppákeyrslu á kvartmílubraut Kvartmíluklúbbsins.
8. 2025-2028 bygging á nýju íþróttahúsi fyrir badminton og borðtennis fyrir Badmintonfélag Hafnarfjarðar.
9. 2025-2028 bygging á dýfingarlaug við Ásvallalaug fyrir Sundfélag Hafnarfjarðar.
10. 2027-2028 bygging á áhorfendastúku við knattspyrnuvöll Hauka að Ásvöllum ásamt forsal og aðstöðu fyrir karate.
11. 2027-2028 byggja nýtt hús sem samanstendur af tækjageymslu, kennsluástöðu fyrir unglingastarf og félagsaðstöðu Kvartmíluklúbbsins.

## 12. 2029 tveir innanhúss tennisvellir fyrir Tennisfélag Hafnarfjarðar.

**Annað:**

Finna þarf stað fyrir framtíðar uppbyggingu Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar. Núverandi aðstaða er í óviðunandi leiguaðstöðu. Þarfagreining liggur fyrir.

Vegna óska Hafnarfjarðarbæjar er flutningur fyrirhugaður á aðstöðu Siglingaklúbbsins Þyts. Þess vegna er ný aðstaða á uppfyllingu við Drafnargarðinn óháð forgangsröðun íþróttamannvirkja í Hafnarfirði enda verði núverandi aðstaða að Strandgötu 88 ekki takmörkuð fyrr en ný aðstaða er fullklár.

Skoða þarf möguleika á aðstöðu í Hafnarfirði fyrir nýtt aðildarfélag að ÍBH Siglingafélagið Hafliða.

**Íþróttanefnd:**

Aðalbjörg Óladóttir gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Nefndin fékk til umfjöllunar þingskjal nr. 4 siðareglur og hegðunarviðmið ÍBH. Nefndin lagði til að samþykkja þingskjalið óbreytt, en skorar á ÍBH að þýða skjalið á fleiri tungumál. Þingið samþykkti þingskjalið óbreytt.

*Þingskjal nr. 4*

**Tillaga um siðareglur og hegðunarviðmið ÍBH**

**52. þing ÍBH haldið 11. nóvember 2021 í Hásölum**, samþykkir siðareglur og hegðunarviðmið ÍBH.

**Siðareglur og hegðunarviðmið Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH)**

Siðareglur þessar og hegðunarviðmið eiga við um alla aðila innan Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH), aðildarféлага ÍBH, í öllu starfi og viðburðum sem skipulagðir eru af íþróttahreyfingunni í Hafnarfirði. Kynntu þér og tileinkaðu siðareglurnar og hegðunarviðmiðin.

**Siðareglur**

1. Komdu fram af háttvísi og heilindum gagnvart sjálfum þér og öðrum.
2. Gættu þagmælsku og trúnaðar í störfum þínum, en virtu lögboðna tilkynningarskyldu.
3. Misnotaðu ekki yfirburði eða valdastöðu sem þú kannt að hafa yfir öðrum.
4. Gættu jafnræðis og varastu að misbjóða virðingu einstaklinga og hópa t.d. hvað varðar fötlun, félagslega stöðu, aldur, þjóðernisuppruna, kynþátt, trú, lífsskoðun, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins.
5. Taktu aldrei með beinum eða óbeinum hætti þátt í fjárhættuspilum, veðmálum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.

6. Þiggðu hvorki hlunnindi eða gjafir sem gætu rýrt trúverðugleika, hlutleysi eða sjálfstæði þitt.

## **Hegðunarviðmið**

### *Hegðunarviðmið fyrir þjálfara*

#### **1. Vertu góð fyrirmynd bæði innan sem utan vallar**

- a. Vertu heiðarlegur, sanngjarn og tillitssamur.
- b. Allir iðkendur eiga skilið að fá jöfn tækifæri og athygli.
- c. Sýndu góð fordæmi og ýttu undir heilbrigðan lífsstíl.
- d. Hafðu skipulag æfinga þannig að iðkendur fái sem mest út úr æfingum.

#### **2. Ofbeldi er ekki liðið í íþróttahreyfingunni!**

- a. Þér ber skylda til að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið misþyrmt, vanrækt eða búi við aðstæður sem geta lagt þroska þess og heilsu í hættu.
- b. Beittu þér gegn öllu ofbeldi, kynferðislegu, andlegu, líkamlegu og vertu vakandi.
- c. Misnotaðu ekki vald og stöðu þína með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.
- d. Fordastu líkamlega snertingu við iðkendur, nema þar sem hún er nauðsynleg þjálfunarinnar vegna. Útskýrðu hvers vegna þú þurfir að snerta og fáðu leyfi hjá iðkendum áður en þú snertir.

#### **3. Það sem er iðkandanum fyrir bestu**

- a. Hlúðu að heilbrigði og heilsu iðkenda og settu þá ekki í aðstöðu sem ógnar heilbrigði þeirra.
- b. Gættu að öryggi í umhverfi og búnaði og að aðbúnaður hæfi þroska og aldri iðkenda. Veldu æfngar, mót, keppnir með tilliti til þroska, aldurs og getu iðkenda.
- c. Sýndu iðkendum athygli og umhyggju sem hafa orðið fyrir meiðslum og þeim sem vilja leita til þín vegna andlegrar vanlíðunar.
- d. Fordastu að vera einn með iðkanda.

#### **4. Komdu fram af virðingu**

- a. Sýndu öllum iðkendum eins framkomu óháð, fötlun, kyni, aldri, kynþætti, kynhneigð, stjórnmalaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
- b. Berðu virðingu fyrir einstaklingum óháð metnaði til að ná árangri eða getu.
- c. Berðu virðingu fyrir dómurum, mótherjum, forsjáraðilum, þjálfurum, sjálfboðaliðum og öðru starfsfólki og stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama.
- d. Leyfðu iðkendum að koma að ákvarðanatöku.

## 5. Vertu heiðarleg(ur)

- Sýndu aðgætni og trúnaðar við meðferð og vörslu persónuupplýsinga. Undantekningu frá þagnarskyldu má einungis gera í samræmi við lagaboð og af brýnni nauðsyn.
- Stuðlaðu að jákvæðu íþróttalegu umhverfi sem er laust við árangursbætandi lyf og vímuefni.
- Haltu á lofti heiðarleika (fair play) og hvettu iðkendur til að gera slíkt hið sama. Farðu eftir reglum íþróttagreinarinnar.
- Taktu aldrei þátt í fjárhættuspilum, veðmálum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.

## 6. Berðu virðingu fyrir þjálfarastarfinu

- Skipulegðu starfið með tilliti til þroska og getu iðkenda.
- Gerðu kröfur til þín varðandi hegðun, stundvísi, málfar, undirbúning og kennslu / þjálfun.
- Nýttu stöðu þína á uppbyggilegan hátt og taktu leiðtogahlutverk þitt alvarlega.
- Leitaðu leiða til að auka við þekkingu þína og leggðu metnað þinn í starfið.
- Leitaðu eftir samstarfi við sérfræðinga eða aðra þjálfara.
- Virtu reglur og sýndu íþróttinni og félaginu / deildinni virðingu.
- Haltu iðkendum og forsjáraðilum upplýstum um þjálfunina.

Ég hef lesið og kynnt mér hegðunarviðmið þjálfara og mun hafa þau í heiðri í störfum mínum fyrir félagið / deildina:

\_\_\_\_\_

Fullt nafn og kt.

\_\_\_\_\_

Sími og netfang

### *Hegðunarviðmið fyrir iðkendur*

#### 1. Vertu heiðarleg(ur)

- Komdu fram af háttvísi og heilindum gagnvart sjálfum þér og öðrum og farðu eftir reglum íþróttarinnar.
- Leggðu þitt af mörkum við að skapa jákvætt umhverfi og andrúmsloft sem er laust við árangursbætandi lyf og vímuefni.

- c. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem aðrir eða þú geta hagnast á. Taktu aldrei þátt í fjárhættuspilum, veðmálum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit.

## 2. Komdu fram af virðingu

- a. Komdu eins fram við alla óháð fötlun, aldri, kyni, kynþætti, kynheigð, stjórnmalaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
- b. Virtu reglur, venjur og siði íþróttarinnar og sýndu henni virðingu.
- c. Berðu virðingu fyrir einstaklingum óháð metnaði til að ná árangri eða getu.
- d. Skapaðu jákvætt andrúmsloft sem er laust við andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi.
- e. Berðu virðingu fyrir andstæðingum, dómurum, þjálfurum, forsjáraðilum, sjálfboðaliðum og öðru starfsfólki.

## 3. Vertu góð fyrirmynd bæði innan sem utan vallar

- a. Berðu ábyrgð á eigin hegðun.
- b. Hafðu það hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda og vertu heiðarlegur, tillitssamur og sanngjarn.
- c. Leggðu áherslu á heilbrigðan lífsstíl.
- d. Reyndu að fá sem mest út úr æfingunni með því að leggja þig ávallt fram.
- e. Misnotaðu ekki vald og stöðu þína með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.

### *Hegðunarviðmið fyrir stjórnarmenn og starfsfólk*

#### 1. Komdu fram af virðingu

- a. Komdu eins fram við alla óháð fötlun, aldri, kyni, kynþætti, kynheigð, stjórnmalaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
- b. Berðu virðingu fyrir skoðunum annarra.

#### 2. Vertu heiðarleg(ur)

- a. Haltu á lofti heiðarleika (fair play), farðu eftir reglum íþróttahreyfingarinnar og fáðu félagsmenn til að gera það líka.
- b. Gættu fyllsta trúnaðar þar sem við á.
- c. Stuðlaðu að íþróttalegu jákvæðu umhverfi sem er laust við árangursbætandi lyf og vímuefni.
- d. Takktu aldrei þátt í fjárhættuspilum, veðmálum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem aðrir eða þú geta hagnast á.

- e. Forðastu eða tilkynntu persónulega og fjárhagslega hagsmunaaárekstra.

### 3. Vertu félagsmönnum góð fyrirmynd

- a. Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi framkomu og hegðun, bæði utan félags og innan.
- b. Stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn og virtu gagnsæi og lýðræðisreglur við ákvarðanatöku.
- c. Vertu heiðarlegur, tillitssamur og sanngjarn.
- d. Berðu ábyrgð á eigin hegðun og leggðu metnað í starfið.
- e. Misnotaðu ekki vald og stöðu þína með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti.

### 4. Berðu virðingu fyrir starfsemi félagsins

- a. Þekktu lög og reglur félagsins.
- b. Stattu vörð um gildi og anda félagsins.
- c. Hafðu í heiðri lýðræðisleg vinnubrögð.
- d. Virtu reglur, venjur, siði og sýndu íþróttum virðingu.
- e. Sýndu öllum iðkendum, dómurum, þjálfurum, sjálfboðaliðum og starfsfólki virðingu og stuðlaðu að því að félagsmenn og iðkendur geri slíkt hið sama.
- f. Þér ber skylda til að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt þroska þess og heilsu í hættu.

### *Hegðunarviðmið fyrir foreldra / forsjáraðila*

1. Barnið þitt er í íþróttum sín vegna ekki þín vegna.
2. Veittu öllum börnum hvattningu ekki bara þínu.
3. Veittu barninu hvattningu til þátttöku í íþróttum, þvingaðu það ekki.
4. Sýndu ávallt jákvæðni, líka þegar gengur illa.
5. Berðu virðingu fyrir öllum iðkendum, dómurum, þjálfurum, sjálfboðaliðum og öðru starfsfólki.
6. Hvert barn er einstakt, berðu virðingu fyrir réttindum þeirra.
7. Hafðu í huga þjálfarar þjálfarar, forsjáraðilar hvetja.
8. Upplýstu um áreitni, stríðni og einelti.
9. Vertu virkur þátttakandi og sýndu starfi félagsins virðingu.
10. Misnotaðu ekki vald og stöðu þína með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti.
11. Takktu aldrei þátt í fjárhættuspilum, veðmálum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem aðrir eða þú geta hagnast á.

12. Þér ber að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt þroska þess og heilsu í hættu.

Heimildir:

Síðareglur ÍBH samþykktar á 47. þingi ÍBH 7. maí 2011.

Síðareglur og hegðunarviðmið ÍSÍ samþykktar í framkvæmdastjórn ÍSÍ 15. nóvember 2018.

Þingforseti Steinn Jóhannsson bar þingskjal nr. 3 *ályktun um þakkir til Hafnarfjarðarbæjar* upp við þingið og var hún samþykkt samhljóða.

*Þingskjal nr. 3*

- **Ályktun um þakkir til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði**

**52. þing ÍBH haldið 11. nóvember 2021 í Hásölum** þakkar stuðninginn sem bæjaryfirvöld hafa sýnt starfi aðildarféлага ÍBH og ÍBH. Íþróttabandlagið í Hafnarfirði og aðildarfélög ÍBH hvetja bæjaryfirvöld til þess að halda áfram á sömu braut svo íþróttastarfið nái að vaxa og dafna og verði Hafnfirðingum til sóma.

**15. Kjör formanns ÍBH.**

Fyrir þinginu lá tillaga um Hrafnkel Marínósson og var hann kjörinn formaður ÍBH 2021 - 2023 með lófaklappi.

**16. Kosning í stjórn ÍBH 2021 – 2023.**

Valdimar Svavarsson annar þingforseti tók til máls og útskýrði kjörseðil merktan B og bauð frambjóðendum að kynna sig sem allir gerðu fyrir utan Jóhann Óskar, Kristinn Snæ og Svein Heiðar sem voru fjarverandi. Eftir kynninguna var kjörseðlum safnað saman og kjörbrefanefnd hóf störf.

Niðurstaða kosninga:

Aðalmenn:

Aðalbjörg Óladóttir Sundfélag Hafnarfjarðar.

Anna Lilja Sigurðardóttir Badmintonfélag Hafnarfjarðar.

Arnfríður Kristín Arnardóttir Brettafélag Hafnarfjarðar.

Sylvía Ósk Speight Fimleikafélagið Björk.

Magnús Gunnarsson Knattspyrnufélagið Haukar.

Már Sveinbjörnsson Golfklúbburinn Keilir.

Ragnar Hilmarsson Siglingafélagið Hafliði.

Viðar Halldórsson Fimleikafélag Hafnarfjarðar.

Varamenn:

Sveinn Heiðar Jóhannesson Hestamannafélagið Sörli.

Helga Veronica Foldar Siglingaklúbburinn Þytur.

### 17. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga ÍBH og Afrekssjóðs ÍBH og tveggja til vara.

Tillaga lá fyrir um Ingvar Viktorsson aðalmaður og Jón Gestur Viggósson til vara. Guðmundur Friðrik Sigurðsson aðalmaður og Skúli Valtýsson til vara. Hlutu þeir kosningu með lófaklappi.

### 18. Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing.

Vísað til stjórnar. Íþróttaping ÍSÍ var haldið 7. maí sl. og framhaldsþing 9. október sl.

### 19. Heiðranir.

Magnús Gunnarsson og Viðar Halldórsson stjórnarmenn ÍBH hengdu merki bandalagsins í einstaklinga sem skarað hafa fram úr í störfum fyrir íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði í að minnsta kosti áratug. Íþróttafélögin tilnefna fólk úr sínum röðum til stjórnar ÍBH.

Samþykktar heiðranir sem voru afhentar á 52. þingi ÍBH fimmtudaginn 11. nóvember 2021.

Nafn	Félag	Merki	Störf
Friðdóra Friðriksdóttir	Hestamannafélagið Sörli	Silfur	Hefur verið öflug í námskeiðahaldi félagsins síðastliðinn áratug og hefur haft umsjón með knapamerkjakerfinu í árabíl.
Auður Ásbjörnsdóttir Guðbjörg Anna Guðbjörnsdóttir	Hestamannafélagið Sörli	Silfur	Höfðu yfirumsjón með félagshesthúsi félagsins og þróðu starfið með miklum sóma. Í félagshesthúsi geta börn stigið sín fyrstu skref í hestamennsku undir handleiðslu leiðbeinanda án þess að eiga eigin hest eða aðstandendur í hestamennsku.
Sigurjón Andersen	Kvartmíluklúbburinn	Gull	Sigurjón hefur tekið þátt í starfi Kvartmíluklúbbsins frá upphafi og er einn af stofnendum hans árið 1975. Hefur setið í stjórn KK samfellt í 30 ár, auk nokkurra ára þar áður. Frá því að Kvartmíluklúbburinn gerðist aðili að ÍBH hefur hann setið í stjórn ÍBH, þannig að til breytingar urðu á stjórnarskipulagi þess og fækkað í stjórn. Þrátt fyrir það hefur hann tekið þátt í öllu starfi bandalagsins.

Þrjú aðildarfélag ÍBH áttu stórafmæli á árinu og hlutu þau áletraðann glergrip, blóm og fjárupphæð í afmælisgjöf samkvæmt reglugerð, en þau voru, Knattspyrnufélagið Haukar sem varð 90 ára 12. apríl sl., Fimleikafélagið Björk sem varð 70 ára 1. júlí sl. og Hjólreiðafélagið Bjartur sem varð 10 ára 19. október sl.

### 20. Önnur mál.

Engin.



## **21. Þingslit.**

Hrafnkell Marinósson endurkjörinn formaður ÍBH sleit þinginu.

Móttöku sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hafði boðið þingfulltrúum og gestum til að þingi loknu í Hafnarborg var frestað vegna sóttvarnarástæðna.

# Rio Tinto

*Stuðningsaðili barna- og unglíngastarfs  
aðildarfélaganna ÍBH*